

Verklagsreglur Alþjóðanefndar LUF

Hlutverk Alþjóðanefndar er að tryggja að LUF standi við allar skuldbindingar sínar í erlendu samstarfi og fullnýti þau tækifæri sem alþjóðastarf felst í eins og kostur er. Alþjóðanefnd starfar eftir neðangreindu verklagi:

1. Kosið er fjóra fulltrúa í alþjóðanefnd á fyrsta fulltrúaráðsfundi hvers árs. Einungis fulltrúar í ráðinu eru kjörgengnir.
2. Alþjóðafulltrúi stjórnar er formaður nefndarinnar og tengiliður hennar við stjórn.
3. Alþjóðanefnd starfar í umboði LUF og sinnir þeim verkefnum sem henni eru falin af bæði fulltrúaráði og stjórn.
4. Leitað er til alþjóðanefndar um samráð, ráðgjöf, aðstoð og upplýsingagjöf tengdu alþjóðlegu samstarfi LUF.
5. Alþjóðanefnd tilnefnir fulltrúa á ráðstefnur, í alþjóðlegar nefndir, ráð og sérfræðihópa. Skal Alþjóðanefnd óska eftir tilnefningum frá aðildarfélögum þegar við á.
6. Stefnt er að nefndarfundum ársfjórðungslega.
7. Þegar leitað er eftir stefnumótun frá LUF á alþjóðavettvangi skal alþjóðanefnd leiða þá vinnu. Lokadrög skulu samþykkt af stjórn LUF.
8. Ef LUF heldur alþjóðlega ráðstefnu, eða tekur þátt í skipulagningu slíks viðburðar hér á Íslandi, skal alþjóðanefnd aðstoða við undirbúning og utanumhald.
9. Fulltrúar LUF á aðalfundum, fulltrúaráðsfundum og öðrum fundum alþjóðasamtaka, sem LUF á aðild að, skila skýrslu frá fundunum. Þar skulu koma fram helstu ákvarðanir, umræður, dagskrárliðir, lagabreytingar, viðburðir o.þ.h. Fylla skal út skýrsluform LUF.
10. Fulltrúar LUF erlendis skulu halda utan um afrit af öllum ferðagögnum og sjá til þess að koma þeim til starfsmanna sem fylla út eyðublað til endurgreiðslu.
11. Fulltrúar fylla út eyðublað með endurgreiðslubeiðni til LUF vegna ferðakostnaðar sem þeir leggja út fyrir.

SAMÞYKKT Á SAMBANDSÞINGI 28. FEBRÚAR 2019